

Sþ.

683. Þingsályktun

um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl).

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti.